



Reykjavík, 30. janúar 2020  
SFS2019110143  
178. fundur  
HG/geb/img

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

***Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um umferðarfræðslu í leik- og grunnskólum***

Á 175. fundi skóla- og frístundaráðs sem haldinn var 26. nóvember 2019 lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

*Hvernig er umferðarfræðslu í grunn- og leikskólum borgarinnar háttað? Hefur verið komið á formlegu samstarfi um fræðsluna við Samgöngustofu og ef svo er hvernig er því háttað?*

**Svar:**

Svara við fyrirspurninni var aflað með því að kanna fyrirkomulag umferðarfræðslu hjá fulltrúum í samráði leikskólastjóra og samráði grunnskólastjóra. Svör samráðsfulltrúa gefa vísbendingar um fyrirkomulag umferðarfræðslu í leik- og grunnskólum þó svo að ekki sé um tæmandi upplýsingar að ræða.

Á vorin fá leikskólar borgarinnar tilboð um fræðslu frá Samgöngustofu sem er ætluð fyrir elsta árganginn. Sérfræðingur í umferðaröryggi barna kemur og heimsækir skólann í eitt skipti. Umferðarskólinn felst í heimsókn á leikskóla þar sem reyndir kennarar í umferðarfræðslu sjá um að fræða börnin um umferðina og umferðartengda hegðun. Í Umferðarskólanum er m.a. fjallað um öryggi barna í bílum, hvernig fara eigi yfir götu og hvar öruggast sé að hjóla og leika sér úti. Þá er reiðhjólaihjálmur skoðaður og börnunum kennt að stilla hann rétt á höfði. Í lok heimsóknarinnar er myndin *Felix finnur dýrin* sýnd en í myndinni er fylgst með því hvernig Felix gengur að fóta sig í umferðinni. Áður en skólinn kveður fá öll börn litabók með sér heim. Það er hins vegar undir hverjum og einum leikskóla komið hvort þeir séu með aðra umferðarfræðslu t.d. umferðarvikur, umferðarsögur eða með því að nota efni á netinu.

Í flestum grunnskólum borgarinnar er umferðarfræðsla tekin fyrir með skipulögðum hætti í 1. – 4. bekk. Þar er t.d. unnið að vori og hausti með efnið í samþættum verkefnum. Einnig var nefnt dæmi um að unnið sé með umferðina þegar yngstu börnin taka fyrir þema sem kallast „Hverfið mitt“ og í tengslum við umfjöllun um gönguleiðir í skólann. Einn skóli hafði í samvinnu við foreldrafélagið tekið þátt í að gefa nemendum í 1. bekk hjálma og þá er alltaf rætt um hjólreiðar og notkun á hjálmum. Á miðstigi eins skólans hafa umsjónarkennarar tekið fyrir umferðarreglur á haustin og vorin og þá aðallega í tengslum við hjólreiðanotkun.

Á unglíngastigi í sama skóla hafa umsjónarkennarar aðallega tekið fyrir notkun á vespum og á hjálmum. Í öðrum skóla er boðið upp á valnámskeið um undirbúning fyrir ökunám fyrir nemendum 10. bekkjar.

Þeir skólastjórar sem svöruðu sögðust ekki hafa ekki verið í samvinnu við Samgöngustofu í tengslum við umferðarfræðsluna.